



Alþingi  
Erindi nr. P 135/842  
komudagur 6.12.2007

Hafnarfjörður 01. 12. 2007

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um húsfriðun.**

Undirritaður hefur fengið til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum nr. 104/2001 um húsfriðun og nr. 73/1997 skipulags- og byggingalögum.

Ljóst er að skerpa verður á lögum um verndun byggingararfsins og þá sérstaklega til að verndar þeim byggingum og hverfum sem ekki heyra undir núgildandi lög og eru byggð á þriðja og fjórða áratug 20. aldar.

Fyrirliggjandi frumvarp um breytingar á lögum um húsfriðun þar sem lagt er til verndun allra húsa sem náð hafa 75 ára aldri verður óhjákvæmilega mjög þungt í framkvæmd. Tel ég að þar sé búið að spenna bogann full hátt, fjöldi verndaðra húsa mun margfaldast og að óbreyttu og án viðhlítandi aðgerða eru hvorki minjasöfn sveitarfélaganna né Húsfriðunarnefnd ríkisins í stakk búin til að mæta þeim auknu verkefnum sem í kjölfarið kæmu.

Breytingin sem lögð er til á skipulags- og byggingalögum er vænlegri leið til verndunar heildstæðra hverfa. Þar er fundin leið til að vernda hverfi, hverfahluta og götumyndir án þess að ákvæðið um verndun náí til allra bygginga frá ákveðnum tímabilum. Með því móti er auðveldara að velja úr hvaða hverfi skal vernda og hafa þá fagleg sjónarmið að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,

Björn Pétursson

bæjarminjavörður Hafnarfjarðar